



Fundargerð

48. fundur sjálfbærniráðs Reykjanesbæjar, haldinn að Tjarnargötu 12
28. febrúar 2024, kl. 08:15

Viðstödd: Guðný Birna Guðmundsdóttir formaður, Aneta Grabowska, Guðni Ívar Guðmundsson, Hjörtur Magnús Guðbjartsson, Þórunn Kristín Jónsdóttir.

Að auki sátu fundinn Anna Karen Sigurjónsdóttir sjálfbærnifulltrúi og Aðalheiður Ósk Gunnarsdóttir ritari.

Silja Kolbrún Skúladóttir fulltrúi ungmennaráðs boðaði forföll.

* * *

1. Fundargerðir ráða (2023110092)

Farið var yfir fundargerðir ráða út frá sjálfbærnisjónarmiðum.

Engar athugasemdir komu frá fulltrúum sjálfbærniráðs.

2. Barna- og ungmennaping Reykjanesbæjar 19. október 2023 - niðurstöður (2023110099)

Ólafur Bergur Ólafsson umsjónarmaður ungmennaráðs mætti á fundinn og kynnti niðurstöður Barna- og ungmennapings Reykjanesbæjar sem haldið var 19. október 2023.

Sjálfbærniráð þakkar Ólafi Bergi Ólafssyni umsjónarmanni ungmennaráðs kærlega fyrir frábæra kynningu um barna- og ungmennaping Reykjanesbæjar. Sjálfbærniráð mun rýna í tillögurnar milli funda og kanna hvaða atriði eiga heima hjá ráðinu til frekari skoðunar og framkvæmdar. Sjálfbærniráð vill einnig koma fram þökkum til ungmennaráðs fyrir framúrskarandi vinnu við þingið og tillögur til bæjarstjórnar og ráða Reykjanesbæjar.

3. Jafnréttisáætlun Reykjanesbæjar 2023-2027 - drög til umsagnar (2022080621)

Sjálfbærniráð tók saman athugasemdir varðandi jafnréttisáætlun Reykjanesbæjar 2023-2027. Ráðið lýsir yfir ánægju með áætlunina. Athugasemdum verður komið áleiðis til skjaladeildar en bæjarráð leitaði til ráða bæjarins eftir umsögnum.

Þórunn Kristín Jónsdóttir fulltrúi B-lista lagði fram eftirfarandi bókun:

„Fulltrúi B-lista vill vekja athygli á að í sumum tilfellum kalla verkefni sveitarfélagsins á virka þátttöku íbúa þar sem nauðsynlegt er að vera á staðnum. Tímasetning þeirra á hefðbundnum vinnutíma kann að vera illa til þess fallin að íbúar geti tekið þátt, s.s. atvinnu sinnar vegna. Almennur vilji er til að auka lýðræðisþátttöku og íbúalýðræði. Áhersla Reykjanesbæjar er að fundarhöld skuli vera innan vinnutíma. Þarna stangast á aðstæður fyrir aukna þátttöku íbúa og áherslur sveitarfélagsins. Mikilvægt er að finna lausn sem gerir íbúum mögulegt að taka þátt en að það lágmarki jafnframt vinnu

starfsfólks Reykjanesbæjar utan vinnutíma. Fulltrúi leggur til að fjallað verði um málið af bæjarráði og lausn fundin á málinu.“

Þórunna Kristín Jónsdóttir.

4. Vefstefna Reykjanesbæjar 2024-2027 - drög til umsagnar (2023060380)

Menningar- og þjónusturáð leitaði til ráða bæjarins eftir umsögnum um vefstefnu Reykjanesbæjar 2024-2027.

Sjálfbærni ráð lýsir yfir ánægju með vel unna vefstefnu og aðgerðaáætlun. Ráðið tók saman athugasemdir sem verður komið áleiðis til skjaladeildar.

5. Kosningar og fyrirkomulag (2024010180)

Jóna Hrefna Bergsteinsdóttir formaður yfirkjörstjórnar mætti á fundinn.

a. Kynning á gögnum úr síðustu kosningum í Reykjanesbæ

Anna Karen Sigurjónsdóttir sjálfbærni fulltrúi kynnti upplýsingar sem hún tók saman um kosningaþátttöku í síðustu forseta-, alþingis- og sveitarstjórnarkosningum ásamt frekari greiningum.

b. Sérvinnsla frá Hagstofunni

Sjálfbærni ráð vill greina kosningarnar enn frekar og mun óska eftir fjárheimild frá bæjarráði til að fá fram sérvinnslu frá Hagstofunni varðandi Reykjanesbæ.

Sjálfbærni ráð mun vinna málið áfram milli funda og mun vinna að handbók kosninga fyrir Reykjanesbæ auk þess sem ráðið mun greina kosningaþátttöku og möguleika til úrbóta.

6. Fjórða iðnbyltingin (2023050187)

Beðið er eftir frekari gögnum og verður málið á dagskrá næsta fundar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:10.